

Alþingi
Erindi nr. P 128/217
komudagur 20.11.2002

Reykjavík, 20. nóvember 2002

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Hr. formaður Vilhjálmur Egilsson

Athugasemdir Skeljungs hf. við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.

Með bréfi þessu vill Skeljungur gera nokkrar athugasemdir við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. Tekið skal fram að Skeljungur var ekki sent frumvarpið sérstaklega en telur eðlilegt að koma á framfæri sínum sjónarmiðum hvað varðar 3. gr. frumvarpsins en þar er rætt um starfsleyfisskylda starfsemi. Hluti af þeirri starfsemi sem Skeljungur hefur með höndum í dag verður starfsleyfisskyldur skv. 3. gr. laganna. Um er að ræða starfsemi sem fellur undir 4. og 6. tl. 3. gr.

Hvað 4. tl. 3. gr. varðar er þar fjallað um að útgáfu og umsýslu greiðslukorta og að sú starfsemi sé starfsleyfisskyld. Í umsögn um þessa grein segir að telja verði eðlilegt í ljósi áhættunnar í greiðslukortastarfsemi að engir aðrir en þeir sem uppfylla kröfur skv. lögum þessum geti haft með höndum útgáfu og umsýslu greiðslukorta.

Skeljungur starfrækir greiðslukort fyrir viðskiptavinum sína og á það jafnt við um einstaklinga og fyrirtæki. Lagt hefur verið í mikinn kostnað við útgáfu og markaðssetningu þessara korta. Taka þarf skýrt fram að slík starfsemi fyrirtækja sé undanþegin starfsleyfisskyldu og þar með ákvæðum laganna.

Hvað 6. tl. a. 3. gr. varðar er þar fjallað um móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.

Skeljungur hefur um margra ára skeið haft með höndum miðlun á afleiðusamningum til viðskiptavina sinna. Um er að ræða miðlun með olíuafleiður. Þessi starfsemi er eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í starfsemi Skeljungs. Undanskilja verður slíka starfsemi fyrirtækja frá starfsleyfisskyldu og þar með ákvæðum laganna.

Með lagafrumvarpinu er verið að lögfesta tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins sbr. 112. gr. frumvarpsins. Í 2. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/22/EBE eru tilgreindar undantekningar sem tilskipunin gildir ekki um. Í i) lið 2. gr. segir að undanþegnir séu aðilar sem hafa aðallega þá starfsemi með höndum að versla með hrávöru sín á milli eða við framleiðendur eða aðila sem nota þessar vörur í atvinnuskyni og veita eingöngu s.likum framleiðendum eða aðilum s. em no ta þessar vörur í atvinnuskyni fjárfestingarþjónustu og aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna meginstarfsemi þeirra. Ljóst er að slíkt undanþáguákvæði á við um starfsemi Skeljungs með olíuafleiður. Nauðsynlegt er að lögfesta undanþáguákvæði tilskipunarinnar til jafns við almenn ákvæði.

Virðingarfyllst,
f.h. Skeljungs hf.

Árni Á. Arnason
Ólafur Jónsson